

49									
31. des.	a, innritunarskirteini	. . . . .	16500 kr.	„ a.					
1880.	b, konungleg skuldabrief	. . . . .	4200 —	„ a.					
	c, í sparisjóði Reykjavíkur	. . . . .	619 —	42 a.					
	d, í reiðum peningum	. . . . .	84 —	„ a.	21403	42			
					alls	22003	42		

Landshöfðinginn yfir Íslandi Reykjavík 31. desbr. 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

50 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um arf handa fjarstöddum erfingjum. — Með því að arfur úr nokkrum dánarbúum hefir verið útlagður fjarstöddum erfingjum, sem ekki hafa mött nje möta látið við skiptin, hafið þjer, herra landshöfðingi, samkvæmt ósk hlutadeigandi embættismanns, spurt, hvernig, þegar svo ber við, eigi að fara með arfinn, og hvort og hvernig reynt skuli að gefa hlutadeiganda til vitundar, að honum hafi hlotnast arfur, og teljið þjer það líklegt, að slíkt kunni optar að eiga sjer stað, þar sem á síðari árum heldur margt fólk hafi fluzt frá Íslandi til Vesturheims.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að í líkingu við lagaákvæðanir þær, sem gilda um meðferð á ómagafje, verður að skipa fjárráðamann til þess með umsjón hlutadeigandi yfirfjárráðanda að ráðstafa arfi, sem lagður er út fjarverandi erfingja, sem hvorki hefir mött nje möta látið við skiptin. Það verður þá skylda slíks fjárráðamanns, þegar hann fær vitneskju um, hvar erfinginn sje niður kominn, að senda honum nauðsynlega skýrslu um hinn tilfallna arf. Hins vegar verður ráðgjafiinn að vera landshöfðingjanum samdóma um, að eigi sje nægileg heimild til að leggja á hið opinbera neinar skyldur í þessu efni, þar eð ganga verður út frá því, að skiptarjetturinn, meðan skiptin standa yfir, fullnægi skyldum sínum samkvæmt 14. gr. laga 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum og fjelagsbúum, að grennslast eptir erfingjunum og gefa þeim sjerstaka skýrslu um mannslátið. Fjárforræðið verður að öðru leyti að standa þangað til að erfingi sá, er hlut á að máli, tekur sjálfur við stjórn fjárins, eða þangað til fjeð verður útlagt erfingjum hans, þegar heimild til þess er fengin, sbr. konungsbrjef frá 9. nóvbr. 1825, og skal þess jafnframt getið, að fjeð rennur til landssjóðs og ber að borga í hann, ef ekkert af því, sem að ofan er gjört ráð fyrir, á sjer stað fyrir lok þess tíma, sem lögin ákveða.

51 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sameining 2 kirkjusókna. — Eptir að ráðgjafiinn hafði meðtekið brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 13. október þ. á. og gjört út af því allraþegnsamlegustu uppástúngu hefir hans hátign konúnginum þóknast 13. þ. m. allramildilegast að fallast á, að leggja megi niður kirkjurnar á Höfða og Grýtubakka í Höfðaprestakalli og Suðurþingeyar prófastsdæmi í norður- og austurumdæmi Íslands, og að í stadinn fyrir þær verði byggð úy kirkja á jörðinni Svæði í nefndu prestakalli með þeim skilmálum, sem hjer greinir.